

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi.**

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar nr. 632/2000 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Skorradalshreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

Sorgjald A	Lögbýli með búskap	25.200 kr.
Sorgjald B	Tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi	25.200 kr.
Sorgjald C	Lögbýli án búskapar	18.200 kr.
Sorgjald D	Frístundahús, fullgerð og í byggingu samkvæmt Þjóðskrá	10.500 kr.
Sorgjald E	Íbúðarhús	18.200 kr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 809/2011 um sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 10. mars 2021.

*Skorradal, 25. mars 2021.*

**Árni Hjörleifsson** oddviti.